

Lautarferð bangsa

Þýtt og staðfært

Markmið: Að nemendur átti sig á að fara eftir fyrirmælum, átti sig á væntumþykju og því að maður á að koma vel fram við alla því allir eru einstakir. Nemendur átti sig á ábyrgð og hvað það þýðir að hugsa um einhvern.

Aldur: Yngsta stig

Áherslur í námsskrá: Íslenska, talað mál og hlustun, ritun og málun, lífsleikni.

Kennsluaðferðir: Kennari í hlutverki, látbragð, umræður, kyrrmyndir, spuni, hljóðmynd, frásögn.

Leikmunir: Vagn eða karfa til að geyma bangsana í. Einn bangsa fyrir hvert barn í bekknum eða einn bangsa fyrir tvö börn. Dúk til að hylja bangsana með. A-5 blöð til að teikna bangsa á. Neoncolorlitir. Fótspor til að skrifa eða teikna á. Blöð til að teikna mat á.

Úrdráttur: Þetta er ekki skemmtilegur dagur hjá fósturu bangsanna. Bangsarnir eru sofandi í vagninum sínum. Eina ástæðan fyrir því að þeir sofa er sú að hún var búin að lofa þeim að fara með þá í lautarferð þegar þeir vakna. Hún bara veit ekki hvað á að gera í lautarferð.



Athöfn 1.: Nemendur hitta fósturu bangsanna

Markmið er að: Nemendur leysi vandamál, að nemendur fái að verða sérfræðingar og þau læri að hafa stjórn á rödd sinni.

Kennari í hlutverki: Undirbúningur

Kennari kemur inn í stofuna með vagn/bala með sofandi bangsum. Kennari stillir vagninum/balanum á mitt gólfið þar sem allir nemendur sjá.

Kennari hvíslar: „Suss, allir bangsarnir eru sofandi. Greyin litlu þeir voru svo spenntir og þeir hlökkuðu svo mikið til. Mikið held ég að þeir verið daprir þegar þeir vakna og komast að því að þeir fara ekki. Ég er rosalega leið yfir þessu.“

Á þessu stigi spyrja nemendur væntanlega um hvað sé að.

Jú, sjáið til bangsarnir vildu ekki fara að sofa þannig að ég eiginlega lofaði þeim svolitlu. Sko, ég sagði við þá að ef þeir færu að sofa strax þá færi ég með þá í lautarferð. En ég veit ekkert hvað maður gerir í svona lautarferð með bangsanum sínum.

Umræða í hlutverki: Ráð barnanna.

Nemendur bjóða oftast fram hjálp sína. Ef ekki, þá er hægt að spyrja þau hvort þau geti hjálpað. Spyrja þau hvort þau viti eitthvað um það hvað maður geri í lautarferð með bangsa?

Hvert fer maður? Hvað er þetta lautar?

Hvernig fer maður þangað? Gangandi, í strætó, í bíl. Ég á engan bíl

Hvað gerum við saman?

Förum við í leiki?



Í hvað leiki getum við farið?

Hvað er feluleikur? Hvernig boltaleik?

Hvernig er sá leikur?

Getið þið kennt hann?

Viljið þið kenna mér leikina?

Hvað gerum við svo?

Eigum við að syngja eitthvað?

Hvað gerum við svo?

Hvað höfum við með til að borða?

Mikilvægt er að halda áfram að spyrja spurninga og spyrja nánar út í sumar spurningarnar. En muna að hafa ekki of hátt.

Hvernig samlokur?

Borða bangsar svona samlokur?

Hvað eigum við að drekka?

Athöfn 2: Lautarferðin

Markmið kennarans er að: Örva ímyndunarafl, að fá nemendur til að undirbúa og taka þátt í skemmtiferð sem þau undirbúa og þurfa að sjá um.

Spuni: Undirbúningur lautarferðarinnar.

Fá nemendur til að búa til þann mat sem þau ætla að taka með sér.

Teikna brauð eða kökur og eitthvað að drekka og klippa niður og setja



á A-5 blað. Hvað þurfum við fleira t.d., teppi, bolta o.fl.

Síðan er allt undirbúið fyrir lautarferðina.

Biðjið nemendur að rétta það sem þau bjuggu til og setja í stóra tösku. Fá þau til að nefna það sem þau bjuggu til (þetta er rjómakaka með sultu á milli).

Setja í stóra tösku til að taka með í lautarferðina.

Athöfn 3: Undirbúningur

Markmið kennarans er að: Að fá nemendur til að skilja undirbúning og skipulag og að hvetja þau til væntumþykju.

Allir saman í spuna. Afhending bangsanna.

Jæja, ég held að bangarnir séu að vakna. Eigum við að kíkja?

Kennari afhendir hverjum nemanda einn bangsa og biður þá um að passa uppá hann í skemmtiferðinni.

Athöfn 4: Lautarferð bangsanna

Markmið kennarans er að: Nemendur þrói með sér ábyrgðartilfinningu, að þau læri að skipuleggja og að allt taki enda.

Spuni: Lautarferðin

Jæja, nú erum við komin í lautarferðina. Hvað ætlum við að gera í lautarferðinni? Við ætlum að fara í feluleik, boltaleik og við ætlum að kenna þeim að syngja. Hvað meira? Já, við ætlum að borða.

Fá nemendur til að sitja í hring með bangsana á milli sín. Kennari tekur mat upp úr töskunni. Hver á þennan mat? En þennan? Fá nemendur til að gefa bangsanum að borða með sér.



Jæja, eru allir búnir að borða? Er eitthvað meira sem við getum gert?
Eru bangsarnir orðnir þreyttir? Kannski eigum við að leyfa þeim að fara að sofa.

Táknræn athöfn: Svefntími bangsanna.

Hvert barn fær að kveðja sinn bangsa og þakka fyrir sig. Síðan fá þau að leggja bangsana í vagninn. Suss, er eitthvað sem við getum sungið fyrirþá? Hvaða lag?

Bangsi lúrir, bangsi lúrir bæli sínu í. Hann er stundum stúrin, stirður eftir lúrin. Að hann sofi, að hann sofi enginn treystir því. (Gamli Nói)

Athöfn 5: Lokaathöfn

Markmið kennarans: Að meta áhrif leiklistarinnar.

Umræða: Hvað höfum við lært? Hvað höfum við verið að gera? Fara í gegnum allt ferlið.

Gera forsíðu á bangsabókinni sína.

Skrifa eitthvað fallett í skýið sitt eða teikna.

Gefa bangsanum sínum nafn.

Setja saman í gormabók með mat og öllu.